Tillögur stjórnar Gildis-lífeyrissjóðs til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Lagðar fyrir ársfund 15. apríl 2015.

Tillaga til breytinga á gr. 13.5.:

Greinin orðist svo (nýtt auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélaga, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem búa saman og hafa gert í a.m.k. tvö ár í sambandi sem jafna má til hjúskapar og eiga sameiginlegt skráð lögheimili. Sama gildir þótt sambúð hafi staðið skemur ef sambúðarfólkið á barn saman eða konan er þunguð. ~~Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Heimilt er að greiða makalífeyri til aðila sem hefur sannanlega annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans.~~ Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar.~~, enda sé ekki kveðið á um annað í samþykktum sjóðsins.~~

Greinargerð með tillögu.

Skilgreining á rétthafa makalífeyris hefur ekki þótt eins skýr og skyldi þar sem mörg skilyrði hafa verið talin upp í sömu málsgrein og álitamál hvort uppfylla þurfi þau öll. Ætlunin er ekki að breyta inntaki skilgreiningarinnar heldur að gera hana skiljanlegri. Þá er lagt til að fellt verði út ákvæði um heimild sjóðsstjórnar til að greiða þeim makalífeyri sem sannanlega hefur annast heimili sjóðfélaga um árabil fyrir andlát hans. Ákvæðið þykir bera með sér andblæ liðins tíma og kemur því sjaldan til álita. Þykir því tímabært að fella það úr samþykktum.

Álitaefni um rétthafa makalífeyris snýr að sambúðarfólki sem ekki hefur formlega skráð sig í sambúð með tilkynningu til Þjóðskrár. Í samræmi við ákvæði 16. gr. laga um lífeyrissjóði er miðað við að sambúðarfólk þurfi að hafa átt sameiginlegt lögheimili og til áréttingar aukið við að lögheimilið þurfi að hafa verið skráð. Er það í samræmi við efnisreglur laga um lögheimili að mönnum er skylt að skrá það. Þá eru tekin af tvímæli um að með sambúðinni sé átt við samband tveggja einstaklinga sem jafna má til hjúskapar. Þá er tilskilið að sambúðin þurfi að hafa varað í a.m.k. tvö ár en frá því skilyrði er vikið ef sambúðarkona er barnshafandi eða sambúðarfólkið á barn saman.

Loks er felldur út síðasti málsliður greinarinnar sem tekinn hefur verið upp úr ákvæði l6. gr. laganna en á ekki við í þessu samhengi. Hefur hann því ekki efnislega þýðingu og brottfellingin því ekki heldur.

Tillaga til breytinga á gr. 9.12.:

A og b-liðir 1. mgr. gr. 9.12. orðist svo (nýtt auðkennt með rauðu, yfirstrikaður texti fellur út):

a. Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga sem nemur 4,2% ~~4,5%~~ iðgjalda þeirra. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.

b. Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega sem nemur 4,2% ~~4,5%~~ af lífeyri þeirra. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal merktur sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins.

Greinargerð með tillögu:

Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað framlagi sem greiðist af tryggingagjaldi. Þetta byggir á lagasetningu í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnar í lok árs 2005 um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða sem var ein af forsendum kjarasamninga sem skrifað var undir árið 2006. Hlutfall örorku hjá Gildi er mjög hátt, hærra en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum. Á grundvelli ákvæðis í samþykktum Gildis frá árinu 2011 hefur sjóðurinn nýtt þetta framlag til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga um 4,5%. Framlagið til Gildis nam á árinu 2014 rúmlega 1.100 milljónum króna.

Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2014 mun framlag til jöfnunar á örorkubyrði skerðast um 20% frá 1. júlí 2015. Þetta þýðir að framlagið sem greitt verður fyrir árið 2015 verður 10% lægra en áður og síðan 20% lægra frá og með árinu 2016 að óbreyttum lögum.

Stjórn Gildis er því nauðugur einn kostur eftir tillögu tryggingafræðings sjóðsins skv. 2. mgr. gr. 9.12. í samþykktunum að leggja fyrir ársfundinn framangreinda tillögu til breytinga á a og b-lið 1. mgr. gr. 9.12. í samþykktunum sem gerir ráð fyrir að 4,5% hækkun á greiðslum til lífeyrisþega iðgjaldagreiðenda verði 4,2% og komi til framkvæmda á árinu 2016.